

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Rósu Björk Brynjólfsdóttur um kostnað embættis ríkislögmans vegna máls gegn íslenska ríkinu við Mannréttindadómstól Evrópu.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver var kostnaður embættis ríkislögmans við lögfræðiálit, málsvörn og málflytning Íslands vegna máls Guðmundar Andra Ástráðssonar gegn íslenska ríkinu við Mannréttindadómstól Evrópu? Svar óskast sundurliðað annars vegar eftir kostnaði við vinnu starfsmanna embættisins í formi vinnustunda og hins vegar kostnaði við aðkeypta þjónustu embættisins vegna lögfræðiálita, undirbúnings fyrir málsvörn og málflytningarsins sjálfs. Þá óskast aðkeypt ráðgjöf og sérfræðiþjónusta ráðuneytisins sjálfs sundurliðuð, þ.e. þær rúmu 36 millj. kr. sem koma fram í i-lið svars ráðherra á þskj. 925.

Leitað var til embættis ríkislögmans til að svara þeim hluta fyrirspurnarinnar sem lýtur að embættinu. Í svari ríkislögmans kemur fram að ekki sé haldið sérstaklega utan um tíma-
skráningu vegna einstakra mála hjá embættinu. Það liggur því ekki fyrir hversu margar
vinnustundir fóru í verkefnið. Hvað varðar aðkeypta þjónustu hjá embættinu vegna málsins
kemur fram í svari ríkislögmans að hún hafi eingöngu verið vegna kostnaðar við þýðingar
á íslenskum dómum, nefndarálitum og öðrum gögnum. Fyrir undirrétti hafi kostnaðurinn
verið 1.105.962 kr. og fyrir yfirdeild 4.153.411 kr.

Hvað varðar sundurliðun á aðkeyptri ráðgjöf og sérfræðiþjónustu ráðuneytisins, sem getið
er í svari við fyrirspurn á þskj. 925, þá var sá kostnaður samtals að fjárhæð 36.085.584 kr.
Þar af var lögmannsstofunni Blackstone greiddar 31.557.071 kr. og lögmannsstofunni
Advokatfirmaet Schjodt AS greiddar 4.528.513 kr.